

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 26. september 2016.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kjararáð, 871. mál.**

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um framangreint frumvarp.

SA fagna þeirri stefnubreytingu sem felst í frumvarpinu að fækka þeim sem kjararáð ákvarðar laun. Eðlilegt er að sem flestir hópar á vinnumarkaði heyri undir almenna kjarasamninga og fylgi þeirri launaþróun sem þar er mörkuð.

Ákvörðun launa þeirra sem undir kjararáð heyra er að mestu óbreytt frá gildandi lögum, með tveimur undantekningum:

1) Fellt er út ákvæði um sérstakar stefnumarkandi ákvarðanir sem heimilt er að taka sjaldnar en árlega. Er það jákvætt enda hafa ákvarðanir kjararáðs, sem teknar hafa verið vegna uppsafnaðrar þarfar, leitt til ólgu í þjóðfélaginu og dregið úr trúverðugleika kjararáðs. Mikilvægt er að kjararáð úrskurði framvegis árlega vegna allra þeirra sem undir ráðið heyra, eftir því sem tilefni er til.

2) Tekin er inn heimild fyrir kjararáð að tengja laun einstaklinga og hópa við launavísitölu opinberra starfsmanna. SA leggjast eindregið gegn þessari heimild og mælast til þess að hún verði felld brott. Heildarsamtök á vinnumarkaði vinna nú að stefnumörkun um meginstoðir nýs íslensks samningalíkans, sbr. rammasamkomulag aðila frá 27. október 2015. Ein af stoðum nýs samningalíkans er að tengja launabreytingar á opinberum vinnumarkaði við launaþróun hins almenna vinnumarkaðar. Náist samkomulag um slíka tengingu er eðlilegt að lög um kjararáð verði endurskoðuð og sambærileg tenging tekin upp vegna þeirra sem undir kjararáð heyra. Því er ekki skynsamlegt að löggjafinn marki nú stefnu um fyrirkomulag tengingar smærri hópa við launaþróun.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Ragnar Arnason, hdl.

forstöðumaður vinnumarkaðssviðs